

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Kirkjubæjarlæknishéraði.

#### 1. gr.

Kvenfélög Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álftavershrepps annast framkvæmdastjórn heimilishjálparinnar í Kirkjubæjarlæknishéraði í umboði hreppsnefnda téðra hreppa undir yfirstjórn héraðslæknis.

#### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með umsögn læknis, ljósmóður eða á annan hátt, sem framkvæmdastjórn heimilishjálparinnar metur gildan, að heimilishjálpar sé þörf um stundarsakir, vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt um lengri tíma í senn en 10—20 daga.

#### 3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálparinnar. Stjórn heimilishjálparinnar ber að ganga örugglega úr skugga um, að konur þær, sem heimilishjálpin stunda, séu hæfar til starfsins og séu ekki haldnar smitandi sjúkdómi.

#### 4. gr.

Viðkomandi hreppar bera ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur, er vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

#### 5. gr.

Framkvæmdastjórn getur leitað samninga um launakjör og hlunnindi starfsstúlkna þeirra, er að heimilishjálp vinna, en fullt gildi hafa þeir samningar fyrst, er oddvitar hlutaðeigandi hreppa hafa samþykkt þá.

#### 6. gr.

Fyrir heimilishjálp ber þeim, er hennar njóta, að greiða viðkomandi starfsstúlkku hálf kaup. Hrepparnir með styrk frá ríki, greiða hinn helminginn.

#### 7. gr.

Reikningshald heimilishjálpar annast framkvæmdastjórn, og skulu reikningar endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar viðkomandi hreppa.

#### 8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp og reglugerð þessari, greiðist að  $\frac{1}{3}$  úr ríkissjóði en  $\frac{2}{3}$  úr viðkomandi hreppsjóði.

Reglugerð þessi, sem oddvitar Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvalla-, Skaftártungu- og Álftavershrepps hafa samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. jan. 1952, um heimilishjálp í viðlögum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1962.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Jón S. Ólafsson.*